

Landbúnaðartrygging

Skilmáli E-18

Landbúnaðartryggingin er ætluð bændum sem leggja stund á hefðbundnar búgreinar svo sem sauðfjár og nautgripabúskap. Sérhæfðan búrekstur verður að váttryggja sérstaklega, s.s. loðdýra-, yl-, alifugla-, garð- og svínarækt. Þessi váttrygging er samansett af þremur váttryggingum. Almenn ákvæði gilda fyrir allar tryggingarnar.

- 1. Lausafjártryggingu:** váttryggir lausafé á bóndabýli fyrir bruna og foki auk þess gripi fyrir umferðaróhöppum og raflosti.
- 2. Rekstrarstöðvun (valkvæð):** váttryggir framlegðartap vegna samdráttar í kjötframleiðslu vegna bruna.
- 3. Ábyrgðartryggingu bænda:** váttryggir bónda fyrir skaðabótakröfum sem upp kunna að rísa við búreksturinn.
- 4. Almenn ákvæði**

Í skilmálanum merkir hugtakið "félagið" Vörður tryggingar hf.

Það bótasvið sem talið er upp í skilmálanum er tæmandi talið. Ef váttryggingartaki eða váttryggður verður fyrir tjóni eða óhappi sem ekki telst bótaskyldt í skilmálanum þá nær váttryggingin ekki yfir það.

Um váttrygginguna gilda váttryggingarskrirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í skilmála þessum ganga frammar ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. kafli. Lausafjártrygging

1. gr. Hvað er váttryggt?

Búfé, hey og annað fóður: Váttryggingin tekur til búfjár, heyja og annars fóðurs, samkvæmt upplýsingum úr forðagæsluskýrslum.

Áhöld og tæki: Váttryggingin tekur til áhalda og tækja búsins sem tilheyra hefðbundinni búfjárrækt, að skráningarskyldum ökutækjum undanskildum.

2. gr. Hver er váttryggður?

Váttryggður er bóndi á þeim stað sem tiltekin er í váttryggingarskrirteini eða endurnýjunarkvittun sem og heimilisfólk hans eða starfsmenn við búreksturinn.

3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin bætir beint tjón á hinu váttryggða af völdum:

- a. Eldsvoða.** Félagið bætir þó ekki tjón af eldi, er ekki verður talinn eldsvoði, s.s. tjón á munum, sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu, línstrok, þurrkun, reykingu eða þess háttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast. Ekki bætast heldur tjón á rafmagnsvélum, leiðslum, þar með talin útvarps- og sjónvarpstæki, er orsakast af skammhlaupi eða öðru rafmagnsfyrirbrigði eingöngu, spani frá rafmögnum óveðri, nema af því leiði eldsvoða eða sé afleiðing eldsvoða. Þrátt fyrir það, greiðist þó sem um eldsvoða væri að ræða, ef fóður ofhitnar og/eða brennur (kolast) þótt eldur verði ekki laus.
- b. Óveðurs.** Váttryggingin bætir tjón á hinu váttryggða, sem verður af völdum óveðurs, þ.e. þegar vindur mælist yfir 28,5 m/s, verði tjónið með þeim hætti að vindur rjúfi eða felli hús sem hið váttryggða er geymt í. Óveðurstjón á hinu váttryggða sem er úti bætast ekki. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, er tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu váttryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs, er tjónsatburðurinn átti sér stað.
- c. Raflosts.** Váttryggingin bætir tjón á váttryggðu búfé verði það fyrir raflosti og drepist.
- d. Umferðaróhapps.** Váttryggingin bætir tjón á váttryggðu búfé farist það af völdum umferðaróhapps, enda fáist tjónið ekki bætt af tjónvaldi eða úr ábyrgðartryggingu viðkomandi ökutækis.

4. gr. Iðgjaldagrundvöllur

Iðgjaldagrundvöllur fyrir váttryggingartímabilið er, annars vegar að því er snertir heymagn og dýrafjölda, ákveðinn samkvæmt forðagæsluskýrslum og viðmiðunarverði frá Bændasamtökum Íslands og hins vegar að því er snertir áhöld og tæki, ákveðinn 33% af verðmæti heymagns og dýrafjölda í forðagæsluskýrslu.

5. gr. Vátryggingarverðmæti

Vátryggingarverðmæti tækja og áhalda er raunvirði hins vátryggða á hverjum tíma. Vátryggingarverðmæti dýra og fódurs er í samræmi við viðmiðunarverð frá Bændasamtökum Íslands á hverjum tíma. Félagið greiðir þó tjónabætur í samræmi við raunverulegt magn fódurs og dýra á hverjum tíma, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skilmála þessara.

6. gr. Eigin áhætta vátryggðs

Í sérhverju bótaskyldu tjóni á heyjum og öðru fóðri vegna kolunar ber vátryggingartaki í eigin áhættu 10% af tjónsupphæð.

2 . kafli. Rekstrarstöðvunartrygging (valkvæð)**7. gr. Vátryggingin gildir?**

Vátryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

8. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir:

- Framlegðartap sem vátryggður verður fyrir við stöðvun rekstrar á vátryggingartímabilinu og leiðir til samdráttar í kjötframleiðslu af völdum bruna.
- Óhjákvæmilegan aukakostnað sem vátryggður verður fyrir á bótatímanum og beinlínis verður rakinn til þess að fjárhús eða kálfaeldishús vátryggðs verður ekki notað af völdum bruna.
- Það er skilyrði bótaskyldu samkvæmt gr. 2.1 og 2.2 að tjón sem olli rekstrarstöðvuninni sé bótaskyldt úr lausafjártryggingu í kafla 1.

9. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Vátryggingin bætir ekki:

- Aukið framlegðartap sem hlýst af rekstrartöfum vegna endurbóta, stækkunar, fjármagnsskorts fyrir mæla hins opinbera eða sambærilegra atvika.
- Aukið rekstrartap sem hlýst af verkfalli og/eða verkfalli.

10. gr. Samsömun

Félagið getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og umsjónarmanna einstakra muna, tækja eða fasteigna.

11. gr. Vátryggingarfjárhæð

Vátryggingarfjárhæð skal nema áætlaðri brúttóveltu vátryggðs vegna kjötframleiðslu seinustu 12 mánuðina fyrir tjónsatburð.

Með brúttóveltu er átt við bókfærða sölu vegna kjötframleiðslu auk opinberra beingreiðslan sé um þær að ræða að frádregnum virðisaukaskatti.

12. gr. Ákvörðun bóta

Félagið greiðir bætur að hámarki í 24 mánuði en þó aldrei fyrir lengra tímabil en að kjötframleiðsla vátryggðs hafi náð framlegð eins og hún var á tjónsdegi.

Framlegðartap og/eða óhjákvæmilegur aukakostnaður sem að hluta eða öllu leyti verður á fyrstu 24 klukkustundunum frá því að rekstrarstöðvun varð, bætist því aðeins að áhrif rekstrarstöðvunarinnar vari lengur en í 30 sólarhringa frá því vátryggingaratburður varð.

Bætur úr vátryggingu þessari skerðast vegna eigin sakar vátryggðs í sama hlutfalli og bætur úr lausafjártryggingu (1. kafla).

Vátryggður á aldrei rétt á hærri bótum en með þarf til að bæta tjón það sem hann hefur orðið fyrir og vátryggingin tekur til.

Bætur miðast við sama hlutfall af bótagrundvellingum og samdráttur í kjötframleiðslu vátryggðs varð vegna tjónsatburðarins.

Ef útgjöld sparast á bótatímanum lækka bætur að sama skapi. Opinberir styrkir sem vátryggður kann að eiga rétt á koma einnig til lækkunar bóta.

Sé ekki fyrirhugað að hefja kjötframleiðslu vátryggðs að nýju miðast bótafjárhæð við þann tíma sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju, þó aldrei lengur en 24 mánuði. Bætur á þessu tímabili miðast við óhjákvæmilegan, sannanlegan kostnað vátryggðs.

Hafi kjötfraleiðslan stöðvast varanlega af orsökum sem váttryggður ræður ekki við greiðast bætur samkvæmt gr. 5.4, þó aldrei í lengri tíma en eðlilegt hefði mátt telja að líðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju og aldrei lengur en 24 mánuði.

Greiðsla aukakostnaðar er háð samþykki félagsins hverju sinni bæði hvað varðar fjárhæð og eðli útgjalda.

13. gr. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.

3 . kafli. Ábyrgðartrygging bænda

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni, sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla, og hún er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta, á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir váttryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakara eða meðábyrgðar og einnig greiða kostnað, sem váttryggður verður fyrir, ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni, ber váttryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína, ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns, sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er váttryggðum bent á að lesa ábyrgðartryggingarskilmálann með þetta í huga. Viðurkenning váttryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Váttryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin getur ekki til um.

14. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu, sem fellur á váttryggðan samkvæmt íslenskum lögum eða réttarvenju á því sviði, sem getið er í skírteini þessu, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki viðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Innan þeirra takmarka, sem getið er í 1. málsg. váttryggir félagið einnig gegn þeirri skaðabótaskyldu, er starfsmenn váttryggðs baka honum sem slíkir gagnvart þriðja manni. Ef bótakrafa kemur fram gegn váttryggðum á því sviði, sem váttrygging þessi nær til, á félagið rétt á að reka málið fyrir hans hönd. Málskostnað greiðir félagið, enda þótt málskostnaður og bætur samanlagt séu hærri en váttryggingarupphæðin. Sama máli gegnir um málskostnað, sem váttryggður hefur sjálfur stofnað til með samþykki félagsins.

15. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Váttryggingin bætir ekki:

- tjón, sem fjölskylda váttryggðs verður fyrir, eða eigendur og fjölskyldur þeirra, ef um firma er að ræða, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili. Til fjölskyldu telst, auk maka, barna og foreldra, kjör-, stjúp- og fósturbörn og foreldrar.
- tjón á munum, sem váttryggður, fjölskylda eða starfsmenn hans hafa að láni, að veði, til leigu, geymslu, flutnings, sölu, vinnslu, viðgerðar, hreinsunar, uppsetningar eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal tjón á munum, er váttryggður, fjölskylda eða starfsmenn hans hafa tekið ófrjálsri hendi. Ekki bætist heldur tjón á munum, sem váttryggður hefur selt en ekki afhent.
- tjón, sem skyldutryggð flugvél eða skyldutryggt ökutæki veldur.
- tjón á mönnum eða munum, sem váttryggður á rétt á að fá bætt af annarri váttryggingu;
- tjón á eignum, sem stafar af eldsvoða, reyk, sóti eða sprengingu;
- sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál;
- tjón á munum, sem váttryggður hefur afhent eða afhentir eru fyrir hans reikning, að því leyti, sem um er að ræða galla á hinum afhentu munum, vantanir, drátt á afhendingu eða annað þess háttar;
- tjón, sem váttryggður veldur með því að framleiða, afhenda, flytja eða geyma sprengiefni, eitur eða aðrar álíka hættulegar vörur á óleyfilegan hátt, nema hann sanni, að honum hafi ekki verið kunnugt, hversu ástatt var;
- endurkröfu frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum opinberum tryggingastofnunum;
- eignatjón, sem stafar af sprengingum, uppgreftri, aur- eða skriðuhlaupum, jarðsigi eða af því að stífla eða flóðgarður brestur;
- tjón, er verða vegna byggingarframkvæmda á fasteign, sem váttryggður er eigandi að.

16. gr. Takmörkun váttryggingasviðs

Bætur, sem greiða ber af umsaminni atvinnuslysatriggingu, koma að fullu til frádráttar ábyrgðartryggingarbótum. Sama gildir þótt umsamin atvinnuslysatrigging sé ekki fyrir hendi. Kaup, sem váttryggðum ber samkvæmt lögum eða kjarasamningum að greiða manni, er orðið hefur fyrir slysi, kemur að fullu til frádráttar frá ábyrgðartryggingarbótum

17. gr. Ábyrgð vegna afhentra muna

Verði váttryggður bótaskyldur vegna hluta, sem hann hefur afhent, takmarkast bótaskylda félagsins, innan hvers váttryggingarárs, við váttryggingarupphæðina samkvæmt skirteini þessu, enda þótt um fleiri en eitt bótaskyld tjón af þessu tagi kunni að vera að ræða. Hafi váttryggðum verið kunnugt um þá eiginleika hlutarins, sem tjóninu olli, þegar hann afhenti hlutinn, fellur bótaskylda félagsins niður.

18. gr. Váttryggingarfjárhæð - váttryggingartímabil - eigin áhætta

Hámarks váttryggingarfjárhæð í hverju tjóni er hámark þess höfuðstólskröfu sem félagið ábyrgist.

Ábyrgðartryggingin tekur til atvika sem eiga sér stað á váttryggingartímanum jafnvel þótt afleiðingar þess komi ekki fram fyrir

en síðar. Váttryggingin tekur á hinn bóginn ekki til atvika sem eiga sér stað áður en váttryggingin er tekin.

Í hverju tjóni ber váttryggður eigin áhættu sem kemur fram á skirteini eða endurnýjunarkvittun.

19. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum váttryggða hefur félagið fyrirvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef váttryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að váttryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.

4 . kafli. Almenn ákvæði**20. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Váttryggingin gildir á Íslandi.

21. gr. Takmarkanir eða varúðarreglur

Váttryggðumog þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í skilmála þessum eða á váttryggingarskirteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.

lögjald þessarar váttryggingar fer eftir notkun váttryggðs hlutar eða starfsemi sem hann er notaður í og gefnar eru upplýsingar um við váttryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu váttryggða á váttryggingarskirteini og notkun/starfsemi ber váttryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt váttryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Varúðarregla: Váttryggðum ber að sjá um að umbúnaður á váttryggingarstað sé í fyllsta samræmi við reglur í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, eftir því sem við á. Váttryggingartaka ber að fara eftir fyrirætlum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem Brunamálastofnun og Löggildingarstofu.

22. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka

Félaginu er heimilt að skoða hið váttryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar.

23. gr. Vísitala- vextir af tjónskröfum

Váttryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.

24. gr. Réttur þriðja manns- Samsömun

Váttrygging þessi er ekki til hagsbóta fyrir veðhafa nema félaginu sé tilkynnt það sérstaklega og það skráð á váttryggingarskirteini. Meðváttryggður getur aldrei eignast meiri réttindi á hendur félaginu heldur en hinn váttryggði.

Sé váttrygging þessi notuð í atvinnustarfsemi getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna váttryggðs.

Skilmálar þessir gilda frá 01.06.2021